

1918

Föstudaginn 11. nóvember 1983.

Ingibjörg Pálsdóttir

(Jón Bjarnason hrl.)

gegn

Trésmiðjunni h/f

(Páll A. Pálsson hrl.).

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. júlí 1981. Dómkröfur hennar eru þessar:

„Aðallega: Að máli þessu verði vísað heim til löglegrar dómsálagningar að nýju.

Til vara: Að vísað verði frá dómi kröfu stefnda samkvæmt reikningi (dskj. nr. 8) að fjárhæð kr. 4.144.41, en að áfrýjandi verði að öðru leyti sýknuð af kröfum stefnda.

Til þrautavara: Áfrýjandi verði sýknuð af öllum kröfum stefnda í héraði.

Gerð er krafa um málskostnað úr hendi stefnda í öllum framangreindum tilvikum.“

Dómkröfur stefnda eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmd til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Engir þeir annmarkar þykja vera á hinum áfrýjaða dómi, er varða eigi ómerkingu hans og heimvísun.

Með skírskotun til forsendu hins áfrýjaða dóms, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, þykir mega staðfesta niðurstöðu hans að öðru leyti en því, að upphafstíma vaxta skal miða við 13. maí 1978, enda ósannað gegn andmælum af hálfu áfrýjanda, að stefndi hafi krafist hana um greiðslu fyrr en með bréfi, dagsettu þann dag.

Eftir þessum málalokum verður áfrýjandi dæmd til að greiða stefnda 8.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Ingibjörg Pálsdóttir, greiði stefnda, Trésmiðjunni h/f, kr. 4.313.81 með 19% ársvöxtum af kr. 2.217.37 frá 13. maí 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 9. apríl 1981, en með 35% ársvöxtum af kr. 4.313.81 frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Áfrýjandi greiði stefnda 8.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. apríl 1981.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 9. f. m., hefur Trésmiðjan h/f, Brautarholti 20 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 28. maí 1979, á hendur Ingibjörgu Pálsdóttur, Skildinganesi 33 hér í borg, til greiðslu á kr. 729.232 ásamt 2% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 414.791 frá 1. desember 1975 til 1. júlí 1976, af kr. 829.232 frá þeim degi til 1. október 1976, af kr. 729.232 frá þeim degi til 1. desember, með 2.5% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 729.232 frá þeim degi til 1. ágúst 1977 og með 3% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu. Við munnlegan flutning málsins var sú breyting gerð á kröfum stefnanda, að krafist var dómvaxta samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá 15. júní 1979 til greiðsludags, en auk þess voru fjárhæðir dómkröfu stefnanda færðar til samræmis við breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils, sbr. lög nr. 22/1979.

Af hálfu stefndu eru þær dómkröfur gerðar, að þeim hluta kröfu stefnanda, er byggist á reikningi að fjárhæð kr. 414.441, verði vísað frá dómi, en að öðru leyti verði stefnda sýknuð af kröfum stefnanda og verði stefnanda gert að greiða stefndu málskostnað.

Í stefnu er málavöxtum lýst þannig.

„Málavextir eru þeir, að Trésmiðjan h.f. smíðaði eldhúsinnréttingar í hús stefndu fyrri hluta árs 1975, og námu reikningar fyrirtækisins fyrir það verk kr. 1.214.791. Þá bættist einnig við þá reikninga kr. 13.482 fyrir viftuskáp, sem smíðaður var til viðbótar. Veturinn 1975 — 1976 voru lagfærðar skemmdir á innréttingunum vegna raka, og nam reikningur Trésmiðjunnar

h.f. fyrir það verk kr. 400.959, þannig að reikningar fyrirtækisins námu samtals kr. 1.629.232. Stefnda hafði greitt smám saman á tímabilinu kr. 800.000, þannig að skuld nam kr. 829.232 þann 1. júlí 1976. Síðan hefur stefnda einungis greitt kr. 100.000 þann 1. okt. 1976 og ekki sinnt greiðslu-áskorunum.“

Af hálfu stefnanda hafa verið lagðir fram reikningar fyrir efni og vinnu við smíði eldhúsinnréttingarinnar, og verður hér gerð grein fyrir þeim.

Reikningur fyrir efni, dags. 23. apríl 1976, er svohljóðandi:

„23/4 An: 693 m 1 × 1 cm eik	19/90	13.791.-
23.12 m ² virnplast 19 mm	2039/-	47.142
17.08 m ² spónapl. 16 mm	720/-	12.298.-
211 m ² 1 × 1 cm eik	19/90	4.199.-
9.23 m ² bakplast	550/-	5.077.-
10.43 m ² spónapl. 16 / mm	720/-	7.510.-
1.45 m ² bakplast	550/-	798.-
75 m 1 × 1 cm eik	19/90	1.492.-
Spónlagningarlím		580.-
Griplím		760.-
Vélanot		25.080.-
Undirlagskitti		420.-
Múrtappar		120.-
Skrúfur		860.-
		120.127.-
	Sölusk. 20%	24.025.-
	Kr.	144.152.-“

Reikningur fyrir efni, dags. 1. júní 1975, er svohljóðandi:

„Júní An: 499 m 1 × 1 m Rammi	16/-	7.984.-
10.66 m ² Vinnuplast 16 mm	1863/-	19.860.-
3 pl. Formica plast	5015/-	15.045.-
58 m 1 × 1 cm Rammi	16/-	928.-
2.30 m ² beikikrossv. 3 mm	370/-	851.-
2.44 m ² brennikrossv. 4 mm	413/-	1.008.-
147 m 1 × 1 cm eik	19/90	2.925.-
81 m 1 × 1 cm brenni	16/-	1.296.-
14 ltr. Leifturlakk	389/-	5.446.-
18 ltr. Þellakk	389/-	7.002.-
		62.345.-
	Sölusk. 20%	12.469.-
	Kr.	74.814.-“

1921

Reikningur fyrir vinnu 13. mars — 26. júní 1975 er svohljóðandi:

„13/3 — 12/6 An: Smíði á eldhúsinnréttingu:

479½ kl.	900/-	431.550.-
45½ kl.	1260/-	57.330.-
1 kl.		1.620.-
108 kl.	646/-	69.768.-
18 kl.	901/-	16.272.-
1 kl.		1.163.-

13/6 — 26/6

93 kl.	1040/-	96.720.-
12¼ kl.	1457/-	17.848.-
38 kl.	721/-	27.398.-
6 kl.	1009/-	6.054.-

725.723.-

Sölusk. 20% 145.145.-

Kr. 870.868.-“

Reikningur fyrir vinnu tímabilið 26. júní — 10. júlí 1977 er svohljóðandi:

„26/6 — 10/7 An: uppsetning á eldhúsinnréttingu:

56½ kl.	1040/-	58.760.-
10½ kl.	1457/-	15.298.-
58 kl.	721/-	41.818.-
9 kl.	1009/-	9.081.-

Kr. 124.957.-

Án söluskatts“

Reikningur fyrir efni, dags. í nóvember 1975, er svohljóðandi:

„An:	1.60 m ² gaboon 16 m/m	1260/-	2.016.-
	0.36 m ² krossv. 10 m/m	728/-	262.-
	0.45 m ² krossv. 6 m/m	712/-	320.-
	1.14 m ² novap.	862/-	983.-
	0.90 m ² vinnuplast	1863/-	1.677.-
	158 m 1 × 1 cm eik	19/90	3.144.-
	200 m ² eikarspónn	618/-	1.236.-
	Lakk		788.-
	8 stk. hilluberar	15/-	120.-

1922

Kítti undir vaski		300.-
0.54 m ² spónapl. 16 m/m	720/-	389.-
		11.235.-
	Sölusk. 20%	2.747.-
		Kr. 13.482.-“

Reikningur fyrir vinnu tímabilin 10. júlí — 28 ágúst 1975, 4. desember 1975 — 29. janúar 1976 og 25. mars — 3. júní 1976 er svohljóðandi:

„10/7 — 28/8 '75

An: Vinna við viftuskáp o. fl. og viðg. á lakki á hurðum.

15½ kl.	1040/-	16.120.-
1¼ kl.	1457/-	2.550.-
7½ kl.	879/-	6.592.-
1¾ kl.	1230/-	2.152.-
4/12 '75 — 19/1 '76		
151½ kl.	1079/-	163.468.-
25/3 '76 — 3/6 '76		
107½ kl.	1157/-	174.377.-
21 kl.	1601/-	33.621.-
13½ kl.	985/-	13.297.-
1¾ kl.	1361/-	2.382.-
		364.559.-
Sölusk. 20% af kr. 182.000		36.400.-
		Kr. 400.959.-“

Björn Þorsteinsson, sem er einn af eigendum stefnanda, hefur skýrt svo frá, að stefnda hafi beðið sig um að smíða eldhúsinnréttingu þá, sem fjallað er um í málinu. Hafi hann samþykkt það og hafi legið ljóst fyrir, að verkið yrði unnið á vegum stefnanda. Kveðst Björn svo hafa unnið að smíðinni ásamt Þorsteini Jónmundssyni, en einnig kunni fleiri starfsmenn stefnanda að hafa komið þar nærri. Teikningar af eldhúsinnréttingunni hafi verið óglöggar, en skýringar hafi fengist á vafaatriðum. Björn kveður laboratoriebæs hafa verið borna á eldhúsinnréttinguna og hafi stefnda lagt til bæsina. Kveðst hann sjálfur hafa borið á hluta hennar og hafi ekki komið upp nein vandkvæði í því sambandi. Hafi hann borið bæsina á eins og venjulega. Þarna sé um að ræða tvö efni, bæs nr. 1 og bæs nr. 2, eða A og B. Fyrst

hafi hann borið á bæs nr. 1 og látið standa í einn sólarhring. Síðan hafi hann borið á bæs nr. 2 og látið standa í einn sólarhring. Hafi ekki komið upp nein vandkvæði við þennan þátt verksins. Björn kveðst hafa orðið var við, að eik taki misjafnlega vel við bæs og geti þá komið fram gulir blettir. Verði þá að þvo þá af. Hann hafi hins vegar ekki orðið var við neina gula bletti, þegar hann vann þetta verk.

Björn kveður leifturlakki næst hafa verið sprautað yfir í tveimur lögum og svo tveimur lögum af hálfmöttu lakki, þ. e. þellakki. Hafi aðrir starfsmenn unnið það verk og því geti hann ekki sagt um, hvort grunnur hafi verið notaður, en hann telji ólíklegt, að svo hafi verið. Björn kveðst aldrei hafa notað bæs öðruvísi en hann hefur gert grein fyrir hér. Hins vegar viti hann til, að sumir blandi saman bæs nr. 1 og nr. 2 og beri þannig á, en það geri hann aldrei. Björn kveðst ekki hafa unnið við að flytja eldhúsinnréttinguna í hús stefndu. Fram að þeim tíma hafi engin kvörtun komið fram út af smíðinni. Björn kveður Þorstein Jónmundsson hafa sagt sér, að einn skápurinn hafi dottið niður og skaddast, þegar verið var að setja eldhúsinnréttinguna upp. Hafi Þorsteinn séð um viðgerð á því, sem þarna skemmdist, og hafi hann sagt sér, að það hefði verið gert í samráði við stefndu. Í tilvikum eins og þessu, að skápur detti niður, þegar verið er að setja hann upp, þá sé reynt að gera við hlutinn, eins og hægt sé, og greiði verkstæðið þá viðgerð. Hann kveður það svo hafa verið eftir sumarleyfi þetta ár, að stefnda hafi kvartað. Hafi hún komið til sín og sagt sér, að hún hefði sett plast á eldhúsinnréttinguna til að verja hana ryki og væru hurðirnar orðnar hvítar. Muni hún hafa verið búin að kvarta við smíði þá, sem unnu við að setja eldhúsinnréttinguna upp. Björn kveður smíði þessa hafa sagt sér, að eftir væri að leggja í eldhúsgólfíð. Björn kveðst nú hafa farið á staðinn og hafi þá verið búin að taka plastið utan af eldhúsinnréttingunni. Hafi nokkrar af hurðunum, sem voru beint á móti glugganum, verið orðnar gráar, en þar muni sólin hafa skinið á plastið. Kveðst hann telja skýringuna á þessu þá, að þegar sólin skíni á plast, þá myndist raki undir því og komist hann ekki út í gegnum það. Rakinn leiti á viðinn og valdi gráma á honum. Kveður Björn ekki hafa verið um annað að ræða en að taka hurðirnar aftur og laga þær. Nokkrar hurðir, bæði stórar og litlar, hafi svo verið teknar á verkstæðið. Hafi listarnir verið teknir af hurðunum og muni spónninn hafa verið slípaður alveg af, því að hann hafi skemmst, þegar listarnir voru teknir af. Hafi hurðirnar verið spónlagðar að nýju báðum megin. Það sé nauðsynlegt, þegar spónn sé tekinn af, því ella vindist hurðirnar. Hafi hurðirnar svo verið bæsaðar aftur. Björn kveðst ekki hafa unnið við þetta sjálfur, heldur hafi Þorsteinn Jónmundsson unnið það að mestu og fengið aðstoð frá öðrum starfsmönnum stefnanda. Björn kveður ekki hafa verið um það talað, hver mundi bera kostnaðinn við þess-

ar lagfæringar, að minnsta kosti muni hann ekki eftir því. Kveðst Björn svo ekki hafa fengið kvörtun út af eldhúsinnréttingunni eftir þetta. Björn kveðst síðar hafa smíðað fyrir stefndu skáp, skerm og hillur. Hafi hann borið laboratoriumbæs á skápinn og hillurnar, eins og hann geri venjulega, og hafi hann ekki fengið neina kvörtun út af þeirri smíði. Kveður hann stefndu hafa lofað að greiða smíði á þessum hlutum. Þá kveðst Björn einnig hafa skafið upp skrifborð úr mahóni og sé sú vinna innifalin í reikningum þeim, sem liggja frammi í málinu. Hafi sú vinna tekið um það bil eina viku. Björn hefur gert þá grein fyrir reikningi fyrir vinnu að fjárhæð kr. 400.959, að fimm fyrstu liðirnir séu fyrir smíði á viftuskápi og skermi, en hinir liðirnir séu fyrir viðgerð á hurðum.

Þorsteinn Jónmundsson, húsgagnsmiður á verkstæði stefnanda, hefur skýrt svo frá, að hann hafi að mestu unnið einn við smíði umræddrar eldhúsinnréttingar fyrir stefndu, en einnig hafi Björn Þorsteinsson og nemi á verkstæðinu unnið nokkuð við smíðina. Kveðst Þorsteinn hafa stjórnað verkinu ásamt Birni. Hafi verið um að ræða frekar stóra innréttingu úr eik og hafi hurðir verið spónlagðar og kantlímdar með massífum þynnum. Innréttingin hafi svo verið bæsuð með svokallaðri laboratoriumbæs, sem geri viðinn dökkan. Síðan hafi átt að lakka á eðlilegan hátt. Þorsteinn kveður fyrstu teikningarnar af innréttingunni hafa verið ófullkomnar. Stefnda hafi ekki verið ánægð með þær og hafi komið með breytingar á þeim. Miklu máli skipti að hafa góðar vinnuteikningar, en þær hafi ekki verið til. Reynt hafi verið að leysa jafnóðum erfiðleika, sem af þessu sköpuðust. Þorsteinn kveður smíðina hafa gengið vel, þótt einhver tími kunni að hafa farið í að ráða fram úr þeim vandamálum, sem risu vegna þess, að vinnuteikningar voru ekki til. Mikill tími hafi farið í að setja svokallaða lista framan á hurðirnar. Hann hafi stungið upp á því við stefndu, að listarnir væru pinnadír niður, en hún hafi óskað eftir, að það yrði ekki gert. Hafi listarnir því verið límdir með þvingum. Þorsteinn kveður stefndu hafa lagt til laboratoriumbæs, sem átti að bera á eldhúsinnréttinguna. Hafi bæsin komið í tveimur flöskum, A og B bæs. Hafi hann svo borið efnin á hvort í sínu lagi, en hann muni ekki, hvort hann hafi borið hvort efni á einu sinni eða tvisvar. Við þetta hafi viðurinn orðið kolsvartur. Kveðst hann hafa borið þetta á þennan hátt í samráði við Björn Þorsteinsson. Hann kveðst vita til, að bæsin hafi verið notuð á þann hátt, að A og B bæs hafi verið blandad saman, en hann hafi talið sér skylt að fara eftir ráðleggingum Björns. Að þessu loknu hafi verið borinn á palesandergrunnur, sem sé talinn mjög góður, og síðan bornar á tvær yfirferðir af leifturlakki og síðast ein af þellakki. Kveðst Þorsteinn hafa unnið áður með þessum efnum og hafi hann ekki orðið var við neina erfiðleika í sambandi við notkun þeirra. Eldhúsinnréttingin hafi svo verið flutt í einingum í hús stefndu. Smíðinni hafi

ekki verið lokið að fullu, en fyrir dyrum hafi staðið verkfall og hafi innrétt-
ingin því verið flutt í húsið fyrr en annars hefði verið. Ekki hafi þó neitt
teljandi verið eftir af smíðinni. Hafi innréttningunni verið skilað á venjuleg-
an hátt og hafi enginn umbúnaður verið um hana. Kveðst Þorsteinn svo
hafa unnið við að setja innréttunguna upp ásamt nema. Hann kveður ekki
hafa verið búinn að leggja flísar á eldhúsgólf, en stefnda hafi óskað eftir,
að innréttingin væri sett upp þrátt fyrir það. Hafi undirbúningsvinna verið
nokkru meiri en þegar innréttning er sett á pússað gólf. Þorsteinn kveður
unnið hafa verið við að leggja í ganginn á sama tíma og hafi verið raka-
myndun í loftinu. Hann kveður einn skáp hafa fallið niður, þegar verið
var að setja innréttunguna upp, og hafi hann skemmst. Hafi þetta verið
eini skápurinn, sem er sjálfstæður á vegg. Kveður Þorsteinn stefndu hafa
verið kunnugt um þetta. Kveðst hann hafa gert sér grein fyrir því, hvað
hægt væri að gera til úrbóta, og hafi stefnda samþykkt það. Hafi þetta
verið unnið á staðnum. Muni hafa sést ummerki eftir viðgerðina. Þorsteinn
kveðst svo hafa verið kallaður á staðinn seinna til að líta á innréttunguna.
Hafi það verið út af svokallaðri grámu, sem komið hafi fram á fjórum
neðri hurðum á skápi, sem sneri á móti glugga. Einnig hafi spónninn á
hurðunum losnað. Kveður hann stefndu hafa talið, að þarna væri um að
ræða smíðagalla. Hafi hurðirnar verið teknar upp á verkstæði og gert við
þær. Muni hurðirnar hafa verið spónlagðar að nýju. Í sambandi við þetta
kveðst Þorsteinn hafa farið með eina hurðina og rætt við efnaverkfræðing
í málningaverksmiðju. Hafi verkfræðingurinn ekki getað upplýst, af hverju
gráman stafaði. Kveðst Þorsteinn ekki hafa nema eina skýringu á þessu
fyrirbæri. Hún sé sú, að raki hafi myndast undir byggingaplasi, sem hann
hafi séð breytt yfir þessa skápasamstæðu, fljótlega eftir að henni var skilað.
Jafnframt kunni sterk sól að hafa skinið á plastið og hafi orðið of mikill
hitamismunur á bak við plastið. Það sé alkunna, að svartur litur dragi í
sig hita og hafi því hitabreyting orðið þarna mikið meiri en annars staðar.
Kveður hann þessar litabreytingar ekki hafa komið fram á öðrum hurðum
en þeim, sem sneru á móti sól. Kveðst Þorsteinn telja, að spónninn á hurð-
unum hafi losnað af raka, sem myndast hafi undir plastinu, en einnig hafi
það gerst, þegar listarnir voru teknir af, til þess að unnt væri að ná lakkinu
af, að þá hafi spónninn farið með listunum.

Indriði Níelsson, einn af eigendum stefnanda, hefur skýrt svo frá, að
hann hafi ekki unnið að smíði eldhúsinnréttingarinnar og ekki haft á hendi
verkstjórn við smíðina, en hann hafi fylgst með verkinu. Hann kveður sér
hafa borist fregnir af því, að eftir að eldhúsinnréttingin var komin í hús
stefndu, að grámi væri á eldhúsinnréttningunni. Kveðst hann hafa frétt, að
plast hafi verið breitt yfir eldhúsinnréttunguna, en hann hafi ekki séð það sjálf-
ur. Hann hafi svo farið á staðinn, eftir að kvörtun barst. Þá hafi hann séð,

að það, sem átti að vera svart á innréttingunni, hafi verið gráskellótt og hafi það verið talið stafa af raka, sem hefði myndast undir plastinu. Einnig kunni að vera, að grænleitur blæ hafi slegið á þessa fleti innréttingarinnar, en á svona hluti geti slegið allavega litum blæ. Indriði kveður skrifstofumann stefnanda hafa samið reikninga þá, sem krafa stefnanda er byggð á, eftir vinnulistum starfsmanna og efnisnótum. Hann kveður stefndu hafa lagt allt harðplast, tvær Formicaplötur til smíði innréttingarinnar.

Stefnda, Ingibjörn Pálsdóttir, kveðst hafa óskað eftir, að verkstæði stefnanda tæki að sér smíði á eldhúsinnréttingu í hús hennar að Skildinganesi 33. Hafi hún rætt við Björn Þorsteinsson og hafi hann tekið að sér að sjá um þetta. Hafi verið talað um, að þetta yrði vel gert og eins ódýrt og hægt væri. Kveðst Ingibjörg hafa komið með teikningu af eldhúsinnréttingunni og einnig hafi hún komið með teikningar af breytingum, sem hafi verið til einföldunar á smíðinni. Hafi innréttingin átt að vera úr eik og hafi átt að bera á hana laboratoriumbæs, til þess að hún yrði dökk. Hafi hún lagt það á vald starfsmanna stefnanda, hvaða aðferð yrði beitt til að ná þessum lit. Ingibjörg kveðst hafa fylgst nokkuð með smíðinni. Kveður hún Indriða Níelsson hafa kvatt sig á verkstæðið eitt sinn. Hafi hann sýnt henni nokkrar skáphurðir og spurt, hvort henni þætti liturinn nógu góður. Hún kveður sér hafa fundist liturinn ekki nógu svartur og hafi sums staðar brúnleit áferð grisjað í brúnt. Hafi átt að lagfæra þetta. Ingibjörg kveður eldhúsinnréttinguna svo hafa verið flutta í húsið. Hafi þá verið búið að undirbúa gólfíð, þar sem innréttingin átti að standa, en ekki hafi verið búið að leggja flísar í gólfíð. Kveðst hún hafa tyllt plastræmu neðst á eldhúsinnréttinguna, á meðan verið var að leggja flísar á eldhúsgólfíð, til þess að múrarinn ræki ekki verkfæri sín utan í hana. Muni plastræman hafa náð um 1 m upp á innréttinguna. Hún kveður hita hafa verið búinn að vera í húsinu í nokkra mánuði. Þarna sé lofthitun og hafi verið loftstraumur um allt húsið. Hafi ekki verið neinn raki í húsinu. Hún kveður flísarnar á eldhúsgólfinu hafa verið lagðar í mjög þurra steypu. Ingibjörg kveðst hafa orðið vör við það, þegar verið var að setja eldhúsinnréttinguna upp, að á henni voru tveir megingallar. Skellur hafi verið með litlum bóllum í lakkinu og einnig hafi verið skellur með litarbreytingum á nokkrum hurðum. Þegar hún hafi haft tök á að athuga þetta í góðri birtu, hafi hún séð, að rammarnir í kringum skúffur voru grænir á lit. Ingibjörg kveðst svo hafa talað við Björn daginn eftir og kvartað yfir mistökum þeim, sem hún taldi hafa orðið við smíði innréttingarinnar. Hafi Björn viðurkennt, að vinnubrögðin hafi ekki verið sem skyldi. Hafi hann talið ómögulegt að lakka með pensli yfirborð, sem lakki hafði verið sprautað á, því það yrði aldrei sama áferðin. Þá hafi einnig verið fleiri gallar á innréttingunni. Þannig hafi lamir á hurðum, sem opnuðust hvor í sína átt, ekki staðist

á og hafi þurft að færa þær, þar sem hægt var. Á einum stað hafi hurð gapað frá ramma. Þá hafi plast inni í skápum og skúffum víða verið skemmt. Einnig hafi spónn verið laus frá, skemmdur og ljótur. Þá hafi skrautlistar utan á hurðum verið skakkir, en þeir hafi verið lagfærðir að nokkru leyti. Þá hafi virst sem hurð á skáp þeim, sem datt niður, hafi verið skafin þannig, að ekki sást lengur áferðin á viðnum. Hafi áferðin verið alveg slétt og allar æðar í viðnum. Hafi virst eins og spartlað hefði verið í viðinn. Ingibjörg kveður hurðir á efri og neðri kútaskáp ekki hafa komið á sama tíma og eldhúsinnréttingin. Kveður hún Björn hafa sagt, að þær væru grænar og yrði að biða eftir, að þær löguðust. Þegar þær svo komi, hafi þær verið með grænum lit. Hafi Björn vonað, að liturinn mundi breytast. Ingibjörg kveður svo tíu hurðir hafa verið fluttar á verkstæði stefnanda. Hafi þar verið skipt um spón á þeim, en þegar þær komu aftur, hafi þær enn verið með grænum skellum, og virðist því viðgerðin hafa mistekist. Ingibjörg kveðst hafa tekið eftir því, þegar búið var að festa skápinn á suðurveggnum, að efri brúnir skápsins hafi verið fyrir ofan gluggalínu, en á teikningu hafi verið miðað við, að þetta væri í gluggahæð. Muni þetta hafa stafað af því, að þegar Björn hafi verið búinn að taka mál í eldhúsinu í upphafi, þá hafi komið í ljós, að lögnin í gólfinu hafi verið meiri en gert hafi verið ráð fyrir í upphafi. Vegna þessa hafi átt að lækka alla innréttinguna. Hafi Björn því þurft að taka mál að nýju. Hafi verið augljóst, að breyta þyrfti málsetningum, en það hafi gleymst og því sé ekki sama hæðarlína á allri innréttingunni. Kveðst Ingibjörg hafa bedið um, að skápurinn yrði færður niður. Hafi skápurinn verið settur svona hátt, vegna þess að gleymst hafi að lækka þann hluta innréttingarinnar, sem er á veggnum á móti glugganum. Þegar svo starfsmenn stefnanda hafi ætlað að færa skáp á suðurvegg neðar, hafi þeir misst hann. Hafi þá brotnað plast á botni hans og einnig hafi hurðin skemmt. Kveður hún ekki hafa verið borið undir sig, hvernig gert yrði við þessar skemmdir. Hafi hún ekki séð hurðina fyrr en síðar og hafi þá verið búið að gera við hana á ófullnægjandi hátt. Þá kveður stefnda spón á kútaskápi hafa verið mikið skemmdan og harðplast brotið og sprungið. Þá hafi skráfur verið skráfaðar svo djúpt, að opið sár sjáist. Þá séu tvær hurðir með grænleitum blæ og einnig séu skemmdir á lakki á þeim. Hafi ekki verið skipt um spón á þeim eins og hinum hurðunum. Ingibjörg kveðst hafa séð, að Björn Þorsteinsson hafi unnið við smíði viftuskápsins, er hún kom á verkstæðið. Hafi smíðin verið ágætlega af hendi leyst og skápurinn alveg svartur. Hún kveður hafa komið fram, að starfsmenn stefnanda ætluðu að reyna gera við gallana á innréttingunni. Hafi Björn Þorsteinsson sagt, að Þorsteinn Jónmundsson mundi þurfa að gera við þetta í sínum tíma, því þetta væri hans sök. Mætti búast við, að þetta tæki langan tíma. Kveður hún aldrei hafa komið til greina,

að hún greiddi kostnað við lagfæringar þessar. Hún kveður Indriða Nielsen hafa minnst á, að jafnvel yrði ekki reiknuð smíði á viftuskápnum og yrði málið síðan athugað, þegar búið væri að gera við það, sem þyrfti. Kveðst hún ekki hafa svarað því neinu, heldur hugsað sér að biða, þar til búið væri að laga það, sem hægt var. Hún kveður Indriða eitt sinn hafa boðið að lækka reikningana um kr. 300.000.

Vitnið Emil Gíslason, sem var ábyrgur húsasmíðameistari við smíði hússins nr. 33 við Skildinganes að undanskilinni smíði eldhúsinnréttingarinnar, kveðst hafa verið viðstaddur, þegar komið var með eldhúsinnréttinguna í húsið. Muni hann eftir, að stefnda hafi bent á, að svo virtist sem lím kæmi í gegnum spóninn, þannig að bæs virtist taka misjafnlega vel á viðarflötinn. Þá muni hann eftir, að spónn hafi verið laus á fleiri en einum stað. Hafi komið þar fram bólur, eins og spónninn límdist ekki vel við. Þá kveðst Emil hafa tekið eftir því strax í upphafi, að aðeins hafi verið blæbrigði á litaráferð innréttingarinnar á nokkrum stöðum, en sérstaklega á háum skápi við dyrnar inn í borðstofu. Á þessum stöðum hafi verið svolitill grænn blær. Emil kveður búið hafa verið að ganga frá eldhúsgólfinu undir sökklá, þegar eldhúsinnréttingin kom. Þegar steipt hafi verið undir sökklá, hafi verið lagt svokallað „þrifalag“ á gólfíð. Hann kveður svo flísar hafa verið lagðar á gólfíð, skömmu eftir að lokið var við að setja eldhúsinnréttinguna upp. Hafi ílöggin í gólfíð trúlega verið um 4 cm og hafi hún verið mjög þurr. Hann kveður hita hafa verið kominn á allt húsið. Lofthitun sé í eldhúsi, stofu og skála, en geislahitun í svenherbergisálm. Emil kveðst muna eftir, að breitt hafi verið glært plast yfir eldhúsinnréttinguna að hluta, eftir að hún hafði verið sett upp. Breitt hafi verið yfir undirskápa. Muni plastið hafa verið límt saman á stöku stað, þannig að loftað hafi á milli. Eitthvað hafi verið breitt yfir skápa á móti eldhúsglugganum, en hann muni ekki, hversu hátt það var. Hins vegar hafi ekki verið breitt yfir skáp yfir eldhúsborði. Emil kveður ekki hafa verið búið að taka niður neina af hurðunum á eldhúsinnréttingunni, þegar hann lauk við smíði hússins.

Vitnið Guðmundur Björnsson trésmíður, sem starfaði við smíði hússins nr. 33 við Skildinganes, kveðst ekki hafa verið viðstaddur, þegar eldhúsinnréttingin var flutt í húsið. Hann hafi hins vegar skoðað hana fljótlega eftir það og hafi þá verið búið að setja hana upp. Kveðst hann hafa orðið var við litaskipti í spæninum á ýmsum stöðum. Áferð hafi ekki verið jöfn, ýmist mött eða glansandi. Þá hafi virst svo sem slípað hafi verið niður í spónninn, eins og límfilling væri undir bæsinni. Hafi hann tekið eftir, að á einum stað hafi verið slípað alveg gegnum spóninn niður í lím. Þá hafi verið loftbólur í spæninum, eins og hann hefði ekki límt við. Guðmundur kveðst muna, að einhver plastdúkur hafi verið settur yfir eldhúsinnréttinguna, en hann muni ekki, hvort breitt var yfir hana alla eða að hluta. Hann kveður

búið hafa verið að ganga frá eldhúsgólfinu, þar sem innréttingin átti að standa, en flísar hafi átt að koma á aðra hluta gólfsins. Ekki kveðst Guðmundur hafa fylgst svo vel með, að hann geti borið um það, hvort breytingar hafi orðið á litaráferð innréttingarinnar, þar til hann hætti að vinna við húsið. Hann kveðst ekki hafa orðið var við, að skemmdir yrðu á eldhúsinnréttingunni á þeim tíma.

Vitnið Trausti Guðmundsson múrari kveðst hafa unnið við að flísaleggja eldhúsgólfið í húsi stefndu. Hafi eldhúsinnréttingin þá verið komin upp. Plast hafi verið breitt yfir hana til að varna því, að hann færi með verkfæri sín utan í hana. Ekki kveðst hann muna, hversu hátt þetta plast hafi náð, og hafi sér fundist eins og ekki væri of vel frá þessu gengið. Hafi ekki verið um það að ræða, að eldhúsinnréttingin væri pökkuð í plast, og hafi loft leikið um hana. Plastið muni hafa verið límt á brúnir neðri skápanna, þar sem þeir eru, og hafi það verið látið lafa niður. Á hærri skápunum hafi plastinu verið komið fyrir á svipaðan hátt og í svipaðri hæð. Trausti kveður lögnina undir flisunum hafa verið um 1.5 cm. Megi lögnin ekki vera blautari en svo, að það megi hnoða hana. Sé ekki hægt að leggja flísar á mjög blauta lögn, því þá komi vatnið upp. Kveðst hann hafa verið í 2 — 3 daga að leggja flísarnar á eldhúsgólfið.

Vitnið Þórður Hjartarson, sem annaðist útréttingar fyrir stefndu í sambandi við smíði hússins nr. 33 við Skildinganes, kveðst hafa komið í húsið daginn eftir að eldhúsinnréttingin var flutt þangað. Smíði hússins hafi að mestu verið lokið á þessum tíma, en ýmsum minni háttar þáttum hafi verið ólokið, meðal annars hafi átt eftir að leggja flísar á eldhúsgólfið. Búið hafi verið að ganga frá hitakerfi hússins og hiti kominn á. Kveðst hann hafa haft á orði við stefndu, að hún væri búin að fá fína eldhúsinnréttingu. Stefnda hafi hins vegar verið mjög óánægð og talið, að gallar væru á eldhúsinnréttingunni. Muni stefnda hafa talið, að innréttingin væri illa lituð og að bólur væru á yfirborði hennar. Kveðst Þórður hafa litið á þetta, en hann sé ekki dómbær á svona atriði. Hann kveður stefndu hafa talað um, að hún þyrfti að líma eitthvað neðan á sökkul eldhúsinnréttingarinnar til að verja hana skemmdum. Hafi hann svo séð, að hún hafði límt plast neðst á innréttinguna. Hafi það verið rétt neðst og ekki náð upp á hurðir. Kveðst Þórður ekki hafa orðið var við það, að síðar væri breitt yfir eldhúsinnréttinguna.

Krafa stefnanda er byggð á því, að snemma árs 1975 hafi fyrirsvarsmenn stefnanda tekið að sér að beiðni stefndu að annast smíði á eldhúsinnréttingu í hús hennar að Skildinganesi 33 hér í borg. Hafi verið byrjað á smíðinni um miðjan aprílmánuð sama ár. Stefnda hafi komið með teikningar, sem gerðar hafi verið á teiknistofu hér í borg, en hún hafi látið innanhúsarkitekt gera lítills háttar breytingar á þeim. Hafi smíði og uppsetning eldhúsinnrétt-

ingarinnar gengið eðlilega. Smávægilegar skemmdir hafi orðið á skápi yfir borði og kútaskápi í meðförum starfsmanna stefnanda, en gert hafi verið við þær í samráði við stefndu og með samþykki hennar henni að kostnaðarlausu. Hins vegar hafi svo orðið skemmdir á eldhúsinnréttingunni af raka. Telji fyrirsvarsmenn stefnanda rakann stafa af því, að stefnda hafi látið breiða plast yfir skápa innréttingarinnar, á meðan unnið hafi verið að því að leggja í gólf eldhússins. Sé því ekki við starfsmenn stefnanda að sakast um þessar skemmdir. Starfsmenn stefnanda hafi svo gert við þessar skemmdir fyrri hluta árs 1976.

Í upphafi var gerð grein fyrir því, hvernig fjárhæð stefnukröfunnar er reiknuð frá hendi stefnanda. Í þinghaldi í málinu hinn 8. apríl 1980 var sú grein gerð fyrir reikningi fyrir vinnu tímabilin 10. júlí — 28. ágúst 1975, 4. desember 1975 — 19. janúar 1976 og 15. maí — 3. júní 1976, að þar sé bæði um að ræða vinnu við viftuskáp og vinnu við viðgerðir á skemmdum á eldhúsinnréttingunni. Í skýrslu sinni fyrir dóminum gaf Björn Þorsteinsson þá skýringu á síðastgreindum reikningi, að fyrstu fimm liðir hans séu vinna við smíði á viftuskápi og skermi, en aðrir liðir séu vinna við viðgerð á hurðum. Þá kom einnig fram í framburði Björns, að með vinnustundum, sem farið hafi til smíði á viftuskápi og viftuskermi, séu taldar vinnustundir, sem farið hafi í að skafa upp skrifborð, sem stefnda hafi beðið um. Í það verk hafi farið ein vinnuvika.

Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að vinnustundir á reikningunum séu rétt taldar. Rétt laun séu lögð til grundvallar hverju sinni. Þá er því haldið fram, að ekki hafi verið sýnt fram á, að á eldhúsinnréttingunni séu gallar, sem stefnandi beri ábyrgð á. Þá er bent á, að eldhúsinnréttingin sé stór og því hafi kostnaður við hana orðið mikill. Er því haldið fram, að stefnda hafi ekki sannað, að krafa stefnanda sé ósanngjörð. Því beri stefndu að greiða kröfu stefnanda skv. 5. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922.

Krafa stefndu um, að vísa beri hluta af kröfum stefnanda frá dómi, er byggð á því, að á reikningum, sem liggi til grundvallar þessari fjárhæð, þ. e. reikningi fyrir vinnu að fjárhæð kr. 400.959 og reikningi fyrir efni að fjárhæð kr. 13.482.00, komi ekki fram, við hvað hafi verið unnið á hverju tímabili. Komið sé fram, að með reikningum þessum sé m. a. kafið um greiðslu fyrir kostnað við viðgerð á göllum á eldhúsinnréttingunni, sem stefnandi beri ábyrgð á og stefnda eigi því ekki að greiða. Það sé því grundvallaratriði í málinu, að hægt sé að aðgreina kostnað við viðgerðina frá annarri vinnu. Er því haldið fram, að framburður Björns Þorsteinssonar til skýringar á vinnulaunareikningnum fái ekki staðist, því útilokað sé, að 178 klst. hafi farið til að smíða svokallaðan viftuskáp, sem sé mjög lítill. Er því haldið fram, að þessi ónákvæmni hafi það í för með sér, að

stefnda hafi ekki getað fengið mat matsmanna á hæfilegu endurgjaldi fyrir smíðina. Er því haldið fram, að þessi þáttur kröfugerðar stefnanda sé svo vanreifaður, að vísa eigi honum frá dómi.

Sýknukrafa stefndu er byggð á því, að eldhúsinnréttingin hafi verið gölluð frá hendi stefnanda og með tilliti til þess hafi stefnda þegar greitt það, sem henni ber að greiða og jafnvel meira en það. Er því haldið fram, að stefnda hafi orðið vör við ýmsa galla í innréttingunni, á meðan unnið var við að setja hana upp í húsi hennar. Hún hafi strax borið fram kvörtun við fyrirsvarsmenn stefnanda. Af hálfu stefnanda hafi verið fallist á, að um réttmætar kvartanir væri að ræða. Hafi meðal annars verið um það að ræða, að spónninn á eldhúsinnréttingunni hafi sums staðar ekki verið með réttri litaráferð, réttum lit, en annars staðar hafi hann verið flekkóttur eða með grónum skellum. Þá hafi lakkhúðun á innréttingunni verið gölluð. Hafi gallar þessir einnig komið fram á þeim hlutum innréttingarinnar, sem ekki var búið að setja upp. Því fái ekki staðist sú staðhæfing fyrirsvarsmanna stefnanda, að þarna sé um að ræða skemmdir af raka, sem orðið hafi, eftir að innréttingin var komin í hús stefndu. Er því haldið fram af hálfu stefndu, að þessa ágalla megi rekja til mistaka starfsmanna stefnanda við að bera laboratoriumbæs á eldhúsinnréttinguna. Bæs þessa hafi stefnda lagt til og sé þar um að ræða tvö efni, sem blandað sé saman rétt fyrir notkun og borin þannig á. Komi þá fram svört eða dökk áferð. Sé hins vegar farið langt að, verði spónninn með grænleitum blæ. Er því haldið fram, að framburður Þorsteins Jónmundssonar gefi til kynna, að mistök hafi orðið við að bera bæsina á. Hafi það ekki verið að beiðni stefndu, sem notuð hafi verið palesanderfylling á spóninn. Starfsmenn stefnanda hafi að vísu reynt að ráða bót á þessum göllum en með misjöfnum árangri. Er því mótmælt, að stefnda eigi að bera kostnað við tilraunir til úrbóta á þessum mistökum starfsmanna stefnanda. Er því mótmælt, að aðstæður í eldhúsinu, er unnið var að flísaleggja það, hafi valdið þessum breytingum á litaráferð eldhúsinnréttingarinnar. Er því jafnframt haldið fram, að plast það, sem stefnda hafi breitt lauslega yfir neðsta hluta innréttingarinnar, á meðan gólfíð var flísalagt, hafi ekki haft nein áhrif á litaráferð innréttingarinnar.

Þá er því haldið fram, að lökkun eldhúsinnréttingarinnar hafi verið gölluð. Hafi starfsmenn stefnanda reynt að bæta úr þessu með því að skafa lakkið af og lakka síðan að nýju með pensli, en árangur af því hafi ekki orðið góður.

Þá sé spónninn laus á nokkrum stöðum og sé ljóst, að annað hvort hafi ekki tekist að líma hann í upphafi eða að hann hafi losnað við þær tilraunir til viðgerða, sem starfsmenn stefnanda framkvæmdu.

Þá er því haldið fram, að aðrar skemmdir séu á spæninum. Brotnað hafi

út frá skrúfum og á sumum stöðum standi skrúfur í gegnum spóninn. Þá hafi brotnað horn af hurð og rifur og sprungur séu á harðplasti.

Þá er því haldið fram, að þau mistök hafi orðið hjá starfsmönnum stefnanda, er þeir unnu við að setja eldhúsinnréttinguna upp, að skápur hafi fallið niður og brotnað. Hafi verið farið með skápinn aftur á verkstæði stefnanda og brotin límd saman á ófullkominn hátt.

Einnig er því haldið fram, að þau mistök hafi orðið hjá starfsmönnum stefnanda, að hluti innréttingarinnar, þ. e. veggskápur fyrir ofan borð, hafi orðið hærri en aðrir hlutar hennar og sé þetta mjög áberandi og hvítleiður galli.

Því er að lokum haldið fram, að auk framangreindra ágalla séu ýmsir smærri ágallar á eldhúsinnréttingunni, sem rýri verðmæti hennar.

Af hálfu stefndu er fjárhæð reikninga stefnanda mótmælt sem of háum, bæði að því er varðar efni og vinnustundafjölda, sem talinn er hafa farið til smíðinnar og uppsetningar innréttingarinnar. Er því haldið fram, að stefndu sé með öll óskýlt að greiða kostnað við að bæta úr göllum á eldhúsinnréttingunni, en þeir stafi eingöngu af mistökum starfsmanna stefnanda. Því er haldið fram, að stefnda hafi lagt ýmislegt efni til smíðinnar, svo sem viðurkennt sé af starfsmönnum stefnanda. Sé m. a. viðurkennt, að stefnda hafi lagt til Formicaharðplast, en þrátt fyrir það sé stefnda krafín um greiðslu á þremur Formicaplötum.

Því er haldið fram, að miðað við verð sambærilegra innréttinga hjá öðrum sé verð það, sem stefnandi krefur stefndu um, ósanngjarnt.

Það er bent á það af hálfu stefndu, að hún hafi verið krafín um greiðslur inn á verkið, án þess að hún fengi að sjá reikninga. Reikningana hafi hún svo fyrst fengið að sjá, löngu eftir að hún fékk síðasta hluta eldhúsinnréttingarinnar hinn 20. júlí 1976. Hafi stefnda þá þegar mótmælt fjárhæðinni og svo og kostnaði við viðgerðir, sem henni hafi verið ætlað að greiða.

Af hálfu stefndu er sérstaklega mótmælt kröfu stefnanda um dráttarvexti, dómvexti, vaxtafæti og upphafstíma vaxtaútreknings.

Dómurinn hefur skoðað eldhúsinnréttingu þá, sem fjallað er um í málinu.

Stefnda hefur skýrt frá því, að er eldhúsinnréttingin kom í hús hennar, hafi verið tveir megingallar á henni, skellur með bóllum á lakkinu og skellur með litarbreytingum á nokkrum hurðum. Er þetta stutt af framburðum þeirra Emils Gíslasonar og Guðmundar Björnssonar. Þorsteinn Jónmundsson kveðst hafa verið kvaddur í hús stefndu út af litarbreytingu á eldhúsinnréttingunni, nokkru eftir að hann hafði sett innréttinguna upp. Hafi stefnda talið þetta galla frá hendi stefnanda. Björn Þorsteinsson og Indriði Níelsson komu líka á staðinn og sáu litarbreytingar á skáphurðum. Voru nokkrar af hurðum innréttingarinnar síðan teknar til viðgerðar á verkstæði stefn-

anda. Björn Þorsteinsson, sem aðallega hafði komið fram af hálfu stefnanda gagnvart stefndu við smíði innréttingarinnar, kveður ekki hafa verið um það talað, hver ætti að bera kostnað við viðgerð á eldhúsinnréttingunni. Bar fyrirvarsmönnum stefnanda að gera stefndu grein fyrir því, að þeir ætluðu að láta stefndu bera þennan kostnað, en fram hafði komið hjá henni, að hún hafi talið þarna um að ræða smíðagalla frá hendi starfsmanna stefnanda. Mátti stefnda því treysta því, að hún yrði ekki látin bera kostnað við viðgerðirnar. Við þessar aðstæður þykir verða að leggja á fyrirvarsmenn stefnanda sönnunarbirði um, að þetta ástand eldhúsinnréttingarinnar hafi ekki stafað af mistökum við smíðina, heldur verði það rakið til atvika, sem stefnda ber áhættu af. Af hálfu stefnanda hafa ekki verið færðar sönnur að þessu. Verður stefndu því ekki gert að greiða þennan kostnað. Kostnaður við þessa viðgerð er á síðasta vinnureikningi stefnanda. Reikningur þessi er ekki eins skýr og æskilegt væri, þar sem ekki kemur ótvírætt fram, við hvað hefur verið unnið hvert tímabil, sem fram kemur á reikningnum. Það má þó ráða af reikningnum og af öðru því, sem fram er komið, að á tímabilinu 4. desember 1975 til 29. janúar 1975 hafi verið unnið við smíði viftuskáps og skermis og við að skafa upp skrifborð, en telja verður fram komið, að Björn Þorsteinsson hafi að mestu eða eingöngu unnið þau verk. Hefur ekki verið mótmælt sérstaklega, að Björn hafi unnið við að skafa upp skrifborð fyrir stefndu. Um aðra liði þessa reiknings er það að segja, að telja verður, að þar sé um að ræða vinnu við viðgerð á eldhúsinnréttingunni, sem áður er rakin og stefndu verði ekki gert að greiða, en ekki hefur verið gerð nægileg grein fyrir hluta liða reikningsins, til að unnt sé að taka þá til greina gegn mótmælum stefndu. Af fjárhæð þessa reiknings verður því stefndu gert að greiða kr. 163.468.00, sem með söluskatti nemur kr. 196.162.00. Ekki er ástæða til að leggja annað til grundvallar en að reikningur að fjárhæð kr. 13.482.00 sé fyrir efni, sem farið hafi til smíði viftuskápsins og stefndu beri að greiða. Ekki verður séð, að annmarkar á þessum reikningi stefnanda hafi staðið í vegi fyrir því, að stefnda gæti fengið mat dómkvaddra matsmanna á hæfilegu endurgjaldi fyrir smíði viftuskápsins. Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, verður krafa stefndu um frávísun málsins að hluta ekki tekin til greina. Þessi úrslit frávísunarkröfunnar sæta ekki kæru. Þykir því mega leggja efnisdóm á málið í heild. Ekki verður dæmdur málskostnaður vegna frávísunarkröfu stefndu.

Af hálfu stefndu hefur kostnaði við smíði eldhúsinnréttingarinnar verið mótmælt sem of háum, en ekki hafa komið fram sérstök rökstudd mótmæli gegn öðrum reikningum, sem krafa stefnanda er byggð á, nema að stefnda kveðst hafa lagt til harðplastplötur, Formica, til smíðinnar, en á reikningi fyrir efni er kafið um greiðslu fyrir slíkar plötur. Af háflu stefnanda er

viðurkennt, að stefnda hafi lagt til nokkrar slíkar plötur, en þurft hafi fleiri plötur, sem stefnandi hafi lagt til. Telja verður ósannað, að þurft hafi fleiri harðplastplötur til smíðinnar en stefnda lagði til. Ber því að lækka efnisreikning sem því nemur, eða um kr. 18.054, þar með talinn söluskattur.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, hefur heildarkostnaður við smíði eldhúsinnréttingarinnar ásamt kostnaði við viftuskáp, skerm og vinnu við skrifborð numið kr. 1.406.381. Telja verður, að stefnda hafi getað fengið mat dómkvaddra matsmanna á kostnaði við smíði eldhúsinnréttingarinnar þrátt fyrir ágreining þann, sem upp kom um kostnað við viðgerðina, ef hún taldi hann of háan. Umrædd eldhúsinnrétting er viðamikil. Þykir ekki í ljós leitt, að kostnaður við smíðina sé bersýnilega ósanngjarn. Hins vegar þykir fram komið, að á eldhúsinnréttingunni séu nokkrir gallar frá hendi stefnanda, er leiði til þess, að stefnda eigi rétt á afslætti af verði innréttingarinnar. Þykir afsláttur þessi hæfilega ákveðinn kr. 75.000. Mismunur á hæð eininga eldhúsinnréttingarinnar stafa af frávikum við múrsmíði, sem telja verður, að stefnda verði að bera áhættu af. Fram er komið, að hinn 8. október 1975 hafi stefnda greitt stefnanda samtals kr. 800.000, en kr. 100.000 greiddi hún 1. október 1976, eða samtals kr. 900.000. Verður niðurstaða málsins því sú, að stefndu verður gert að greiða stefnanda kr. 431.381 ($1.406.381 \div 75.000 \div 900.000$). Dómkröfur máls þessa eru í gömlum krónum. Með vísan til ákvæða laga nr. 35/1979 um breytt verðgildi íslensk gjaldmiðils og reglugerðar nr. 253/1980 ákveðst dæmd fjárhæð í nýkrónum og verður kr. 4.313.81. Fram er komið, að smíði meginhluta eldhúsinnréttingarinnar hefur farið fram á árinu 1975, en viðgerð fór fram á árinu 1976. Svo sem áður er rakið, kom fram í upphafi af hálfu stefnanda, að kostnaður við viðgerð á eldhúsinnréttingunni hefði numið kr. 400.959, en fram hefur komið undir rekstri málsins, að inni í þeirri fjárhæð væru einnig vinnulaun við smíði viftuskáps og við skrifborð. Þrátt fyrir þetta gat stefnda ekki vænst þess, að hún hefði þegar greitt það, sem henni bar að greiða stefnanda. Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, verður stefndu gert að greiða vexti af kr. 2.217.37 frá 1. október 1976, en af kr. 2.096.44 frá uppkvaðningu dóms í málinu. Reiknast vextir þessir þannig: 13% af kr. 296.737 frá 1. október 1976 itl 21. nóvember s. á., 16% ársvextir frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvextir frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvextir frá þeim degi til 1. desember s. á., 31% ársvextir frá þeim degi til 1. júní, en 35% ársvextir frá þeim degi til 9. apríl 1981, en af kr. 4.313.81 frá þeim degi til greiðsludags. Verður krafa stefnanda um dómvexti ekki tekin til greina gegn mótmælum stefndu. Eftir þessum úrslitum verður stefndu gert að greiða stefnanda upp í málskostnað kr. 1.500.00.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt með-

1935

dómsmönnum Péttri B. Lútherssyni húsgagnaarkitekt og Sigurði Úlfars-
syni húsgagnasmíðameistara.

D ó m s o r ð:

Frávísunarkrafa stefndu er ekki tekin til greina.

Stefnda, Ingibjörg Pálsdóttir, greiði stefnanda, Trésmiðjunni h/f, kr. 4.313.81 með 13% ársvöxtum af kr. 2.217.37 frá 1. október 1976 til 21. nóvember s. á., með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrú-
ar 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22%
ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., með 31% ársvöxtum
frá þeim degi til 1. júní 1980 og með 35% ársvöxtum frá þeim degi
til 9. apríl 1981, en með 35% ársvöxtum af kr. 4.313.81 frá þeim degi
til greiðsludags, og kr. 1.500.00 upp í málskostnað innan 15 daga frá
lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 11. nóvember 1983.

Nr. 206/1983. **Ríkisútvarpið**

gegn

Hreiðari Jónssyni.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason,
Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 25.
október 1983, sem barst Hæstarétti 2. þ. m. Hann krefst þess, „að
hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og héraðsdómara gert skylt
að kveða upp efnisdóm í málinu.“

Héraðsdómari hefur tilkynnt varnaraðilja, sem ekki hefur sótt
þing í héraði, um kæruna. Frá honum hafa engar kröfur borist.

Samkvæmt 185. gr. laga nr. 85/1936 ber dómara að kveða í dómi
aðalmálsins á um greiðslu þess kostnaðar, sem á er fallinn, þegar
dómur er upp kveðinn, og tiltaka upphæð hans, hvernig sem um
hann kann að hafa verið samið. Ekki þykir bera að beita ákvæðum